



61. sæti – Logos

Þjónusta við kaup og sölu fyrirtækja veigamikil

Á árinu 2017 fagnaði LOGOS 110 ára afmæli, en elsta vísi stofunnar má rekja til þess að Sveinn Björnsson, sem síðar varð fyrsti forseti Íslands, opnaði málflytningsskrifstofu í Kirkjustræti í Reykjavík árið 1907.

LOGOS er stærsta lögmannsstofan hér á landi og sérhæfir sig í þjónustu við íslenskt og alþjóðlegt viðskiptalíf. Helga Melkorka Óttarsdóttir, hrl., einn eigenda og framkvæmdastjóri LOGOS, segir að fyrirtæki leggi mikla áherslu á gæði þjónustunnar og að vera með öfluga sérfræðinga í sínum röðum. „Við viljum vera alltaf til taks eins og atvinnulífið þarf á að halda á hverjum tíma, bæði fyrir innlend fyrirtæki og eins fyrir erlenda aðila sem hafa áhuga á að fjárfesta á Íslandi eða eru með starfsemi hér. Eins og oft er í rekstri fyrirtækja er gott starfsfólk okkar aðalsmerki, enda veitum við sérhæfða þjónustu þar sem þekking, hæfni og reynsla er grunnurinn að því sem við gerum fyrir viðskiptavinina,“ segir hún.

Reksturinn í London mikilvægur

Aðspurð segir hún að afkoma liðins árs sé í heildina ágæt en uppgjörsvinnu sé ekki fyllilega lokið. Skrifstofa LOGOS í London hafi gengið mjög vel þau tólf ár sem hún hefur verið í rekstri. „Góður hluti af afkomunni kemur frá rekstrinum í London,“ segir hún.

Helga Melkorka segir að stærsti einstaki málaflökkurinn á verksviði Logos á seinasta ári tengist kaupum og sölu á fyrirtækjum, verkefni sem oft á tíðum fari yfir landamæri, sem kalli á samvinnu á milli lögmanna á skrifstofunni í Reykjavík og London. „Þjónustan sem við bjóðum fyrirtækjum er fjölbreytt en meðal annarra sviða



Helga Melkorka Óttarsdóttir, hrl., einn eigandi og framkvæmdastjóri LOGOS.

VB MYND/HAG

má nefna aðstoð við fyrirtæki skráð á markað, aðstoð við fjármálafyrirtæki og önnur fyrirtæki sem eru bundin af flóknu regluverki, fjármögnun fyrirtækja, skattaréttur, samkeppnisréttur, vinnumarkaðsréttur og hugverkaréttur, svo nokkur svið séu nefnd,“ segir hún.

Verkefni lögmanna frá einum tíma til annars eru alla jafna áþekkt að hennar sögn, en áherslubreytingar verði þó vegna breytinga í rekstri fyrirtækja og atvinnulífinu almennt. „Undanfarin ár hefur síaukin áhersla verið lögð á hlítningu við reglur hjá viðskiptavinum okkar, þ.e. fyrirtæki vilja tryggja að þau fylgi gildandi reglum á hverjum tíma,“ segir Helga Melkorka. „Gerðar eru úttektir og greiningar og á grundvelli þeirra eru úrbætur gerðar, auk þess sem fræðsla er fyrir starfsfólk á inntaki gildandi

LOGOS

- LOGOS hefur unnið mörg viðamikil verkefni fyrir erlend fyrirtæki og fjárfesta undanfarin ár og snerta mörg þeirra uppgjör gömlu bankanna. LOGOS hefur unnið náið með bandarísku lögmennsstofunni Akin Gump Strauss Hauer & Feld og krófu höfum bankanna, ásamt slitastjórnun og erlendum ráðgjöfum þeirra, auk þátttöku í viðræðum við íslensk stjórnvöld um þau mál.
- Samanlagður hagnaður stofunnar 2009-2016 nemur hátt í sex milljörðum króna. Tekjur LOGOS árið 2016 námu 2.232 milljónum króna og var hagnaður hennar 570 milljónir króna.
- Chambers Global og Chambers Europe, alþjóðlegt fyrirtæki sem sérhæfir sig í mati á gæðum lögfræðiþjónustu, gefur LOGOS fyrstu einkunn á öllum metnum starfssviðum árið 2017. Sömuleiðis metur IFRL1000 (International Financial Law Review), sem framkvæmir mat á lögfræðistofum árlega, þjónustu LOGOS framúrskarandi fyrir árið 2017.

reglna. Þessi vinna fyrirtækjanna leiðir til þess að verulega er dregið úr áhættu á brotum á lögum og reglum, mun minni stjórnendatími fer í verkefnið en ef lögbrot koma til og dregið er verulega úr hættu á stjórnvaldssektum eða öðrum viðurlögum. LOGOS hefur aðstoðað mörg fyrirtæki við úttektir sem þessar og fer þeim fjölgandi.“

Vakandi fyrir tækniframförum og nýju regluverki

Hún segir afar ánægjulegt fyrir Logos að vera á lista yfir framúrskarandi fyrirtæki Keldunnar, um sé að ræða viðurkenningu sem sé mikilvæg staðfesting á góðu gengi fyrirtækisins. „Við munum hér eftir sem hingað til gera okkar besta í að sinna viðskiptavinum okkar á sama tíma og við erum vakandi yfir rekstrinum,“ segir hún. „Við horfum jákvæðum augum fram á við. Áfram byggjum við starfsemi okkar á mikilli reynslu og þekkingu á sama tíma og við erum vakandi fyrir nýjungum og því sem koma skal. Við leggjum okkur fram við að fylgjast með tækniframförum og nýju regluverki, þannig að við getum veitt viðskiptavinum viðeigandi þjónustu á hverjum tíma.“

FYLGJAST VEL MEÐ BREXIT

Útganga Bretlands úr Evrópusambandinu (Brexit) snertir með beinum hætti hagsmuni Íslands og annarra ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu (EES), og ljóst að um vendipunkt í samskiptum ríkjanna er að ræða. Margir binda vonir við að niðurstaða samninga Breta og ESB verði fríverslunarsamningur af nýrri kynslóð slíkra samninga. „Við fylgjumst vel með framvindu mála vegna Brexit en hingað til höfum við ekki merkt neinar breytingar á okkar rekstri eða rekstrarumhverfi vegna væntanlegrar útgöngu Bretlands úr ESB,“ segir Helga Melkorka.

„Við viljum vera alltaf til taks eins og atvinnulífið þarf á að halda á hverjum tíma, bæði fyrir innlend fyrirtæki og eins fyrir erlenda aðila sem hafa áhuga á að fjárfesta á Íslandi eða eru með starfsemi hér.“